



Ágæti félagsmaður,

Rekstur SS jan-jún 2021

26. ágúst síðastliðinn var kynnt afkoma samstæðu SS á fyrri helmingi ársins.

Afkoma samstæðunnar batnaði mikið frá fyrra ári sem þakka má miklu kostnaðaraðhaldi og góðum árangri í sölu- og markaðsmálum sem skilaði umtalsverðri veltuaukningu.

Endurfjármögnun SS er lokið

Á fyrri árshelmingi 2011 var SS endurfjármagnað. Gefin voru út skuldabréf samtals að fjárhæð 1,6 milljarður króna í júní árið 2011. Skuldabréfin voru verðtryggð og upphaflega til 25 ára.

Samhliða endurfjármögnun, með atbeina lífeyrissjóða á árinu 2011, voru öll lán hjá viðskipabanka félagsins greidd upp. Frá árinu 2011 hefur SS ekki tekið nein ný langtímalán þrátt fyrir milljarða fjárfestingar fyrr en við endurfjármögnun lánanna á þessu ári.

SS, eins og fjölmörg önnur fyrirtæki, hefur tekst á við krefjandi aðstæður síðastliðin tvö ár. Erfitt rekstrarumhverfi og samdráttur hefur leitt til sögulegra lágra vaxta. Við þessar aðstæður skapaðist hagstætt tækifæri til að endurfjármagna lán félagsins til langs tíma með föstum lágum vöxtum út lánstímann.

Tekin voru ný lán að fjárhæð 1,7 milljarður. Lántakan var nýtt til uppgreiðslu allra eldri lána, samtals 1,3 milljarður, og til að bæta lausafjárstöðu félagsins um 400 milljónir króna. Lánin eru til 30 ára með afar hagstæðum kjörum og uppgreiðslurétti eftir 7 ár án kostnaðar. Við nýja fjármögnun lækka fjármagnskostnaður langtímalána um rúmar 20 mkr. á ári.

Sauðfjársláturtíð

Haustið er tími uppskeru og stemmingar sem fylgir fjallferðum, réttum og slátrun.

Þetta árið hefur undirbúningur sláturtíðar reynt meira á starfsfólk SS en mörg undanfarin ár. Við gerðum kröfu um að erlent starfsfólk væri bólusettt sem orsakaði að nokkrir vanir pólskir starfsmenn komu ekki til starfa. Í Póllandi er töluverð andstaða við bólusetningar og margir sem hafa ekki látið bólusetja sig.

Af þessum sökum var meira um óvant fólk sem gerði að slátrun fór hægt af stað. Okkar fasta fólk í stöðinni lagði mikið á sig og bæði stórgripaslátrarar, verkstjórar og stöðvarstjórinn unnu á línunni fyrstu dagana.

Nú er komið gott rennsli á línuna og hraðinn yfir 300 kindur á klst. Næstu daga verður farið í fullan hraða sem er 340-350 kindur á klst. Það hefur hjálpað okkur að fá breskan reynslubolta og fyrrverandi sláturhússtjóra, Mark Tankard, til starfa yfir sláturtíð til að kenna og viðhalda réttum vinnubrögðum svo allir vinni rétt og létt.



Mark á fláningslínunni

Nýr afdragari stendur undir væntingum og mat okkar að hann leysi um 4 erfið störf á fláningslínunni. Kostnaður við hann var rúmar 10 mkr. og því ljóst að endurgreiðslutími fjárfestingarinnar er innan við 3 ár sem gerir kaup hans mjög arðsöm. Á eftirfarandi hlekk má sjá myndband af afdragaranum í vinnslu.

<https://youtu.be/2ZNNmlqKK9I>

Alltof mikill tími fór í að finna húsnæði fyrir meira en 110 erlenda starfsmenn. Heildarkostnaður SS af leigu húsnæðis fyrir starfsfólk í sauðfjárslátrun er um 26 mkr. á ári auk um 8 mkr. aksturskostnaðar. Hvoru tveggja er hluti sláturkostnaðar við sauðfé.

Gera verður breytingar til að draga úr óvissu og kostnaði. SS á mjög stórar lóðir við afurðastöðina. Í skoðun er hagkvæmni þess að setja þar upp íbúðargáma sem geta hýst hluta starfsfólks.

Í fyrra voru settar upp fjórar gámaeiningar yfir sláturtíð til að stækka mötuneytið og gefa þar með betri möguleika á aðskilnaði starfsfólks vegna Covid. Sambærilegir gámar voru settir upp aftur í haust og jafnframt útbúin aðstaða fyrir starfsmannahaldið í þeim. Ákveðið hefur verið að kaupa gámana og þeir því orðin varanleg viðbót við stöðina.



Gámar sem stækka mötuneytið

Til hagræðingar var einnig fjárfest í lóðréttum plötufrystum til að frysta allt það mikla magn afurða sem SS selur úr landi til dýramats framleiðslu. Verulegur sparnaður er í að þurfa ekki að flytja þessar vörur annað í frystingu eins og gert hefur verið. Plötufrystirinn afkastar um 5 tn á sólarhring. Í heild selur SS til útflutnings um 300 tn af afurðum til dýramatsframleiðslu yfir haustið.



Nýr lóðréttur plötufrystir

Útflutningur dilkakjöts

Aðstæður til útflutnings á dilkakjöti eru hagstæðar í haust. Skortur er á erlendum mörkuðum og verðhækkun í erlendri mynt 10-30% milli ára.

Í heildina er framleiðsla innanlands nokkuð umfram innanlandssölu og því mikilvægt að geta flutt út afurðir sem ekki er markaður fyrir innanlands. Auk slaga og afskurðar, sem lengi hefur verið fluttur út, er áætlaður töluverður útflutningur á lærum og frampörtum.



Í heildina flytur SS út yfir 500 tn af dilkakjöti þ.m.t. mikið magn af hringskornum bógum til Spánar. Skilaverð á þeirri vöru er yfir 6 €/kg (um 912 kr/kg) svo dæmi sé tekið.



Hringskornir bogar fyrir Spán, 2 stk í pakkningu

Starfsemi Reykjagarðs

Reykjagarður er stærsti kjúklingaframleiðandi landsins og mikilvægt dótturfélag sem er í 100% eigu SS. Kaup SS á Reykjagarði á sínum tíma hafa skilað SS miklum ávinningi. Aðal vörumerki Reykjagarðs er Holta.

Það eru ekki allir sem átta sig á því hversu mikla þýðingu það hefur fyrir samfélagið á Suðurlandi að Reykjagarður er með stærstan hluta starfsemi sinnar þar. Verulegur hluti kjúklingaeldisins er í höndum bænda sem annast búskapinn ýmist fyrir eigin reikning eða sem verktakar. Eldi er á 8 stöðum á Suðurlandi sem skapar vinnu í sveitum og dregur úr umhverfisáhrifum. Húsdýraáburður sem til fellur nýtist á bújörðum og auk þess í skógrækt og landgræðslu.

Mikil starfsemi er einnig á Hellu við slátrun, vinnslu og útungun.

Í heild er áætlað að vöru-, þjónustu- og húsaleigukaup Reykjagarðs á Suðurlandi nemi um 560 mkr. á ári auk vsk. Félagið greiðir um 10 mkr. á ári í fasteignagjöld og útsvar starfsfólks er um 80 mkr.

Starfsemi Reykjagarðs ásamt starfsemi SS gerir samstæðu SS að stærsta vinnuveitanda á Suðurlandi.



Ný vörulína frá Reykjagarði

Staðan á kjötmarkaði

Ágúst mánuður var góður bæði framleiðslu- og sölulega m.v. fyrra ár. Framleiðsla á innlendu kjöti jókst um 4,5% í heildina og salan um 7,9%. Mikil söluaukning á dilkakjöti í ágúst minnkar sölusamdrátt á ársgrundvelli niður í 9,1%. Í mælaborði landbúnaðarins má einnig sjá að birgðastaða kindakjöts í lok ágúst var 637 tn sem er 106 tn meira en fyrra ár.

Framleiðsla í kg.						
Afurð	1 mán	3 mán	12 mán	Δ % 1 mán	Δ % 3 mán	Δ % 12 mán
Alifuglakjöt	848,326	2,434,802	9,160,396	6.6 %	1.5 %	-1.1 %
Hrossakjöt	51,489	105,635	915,753	-35.0 %	-37.0 %	-8.5 %
Kindakjöt	18,380	18,380	9,465,793	-55.7 %	-55.7 %	-1.8 %
Nautgripakjöt	427,542	1,251,900	4,869,940	15.5 %	7.8 %	4.5 %
Svinakjöt	539,457	1,585,737	6,607,978	4.4 %	-9.2 %	0.1 %
Samtals	1,885,194	5,396,454	31,019,860	4.5 %	-2.2 %	-0.4 %

Framleiðsla til loka ágúst 2021 skv. mælaborði landbúnaðarins

Sala í kg.						
Afurð	1 mán	3 mán	12 mán	Δ % 1 mán	Δ % 3 mán	Δ % 12 mán
Alifuglakjöt	758,777	2,279,416	9,025,667	2.0 %	-1.6 %	-2.1 %
Hrossakjöt	23,685	57,200	633,877	-50.5 %	-42.4 %	-10.2 %
Kindakjöt	337,004	1,090,956	6,172,549	31.3 %	-1.3 %	-9.1 %
Nautgripakjöt	434,604	1,243,253	4,860,590	14.8 %	6.7 %	4.2 %
Svinakjöt	539,457	1,589,098	6,581,727	5.1 %	-8.8 %	-0.2 %
Samtals	2,093,527	6,259,924	27,274,409	7.9 %	-2.6 %	-2.5 %

Sala til loka ágúst 2021 skv. mælaborði landbúnaðarins

Búvörudeild – Kölkun túna

Bændur hafa náð miklum árangri í nýtingu áburðar með notkun á Dolomit Mg kalki.

Of súr jarðvegur orsakar að áburðarefni nýtast plöntunum verr og er því soun á áburði. Kölkun skilar 20-50% bættri nýtingu áburðar.

Skv. jarðvegssýnum þá er meirihluta túna með pH gildi undir 5,5 og því mikið að sækja með kölkun.

Næringarefni	pH				
	4,5	5,0	5,5	6,0	7,0
Nýting næringarefna við mismunandi sýrustig jarðvegs					
Köfnunarefni	30%	53%	77%	89%	100%
Fosfór	23%	34%	48%	52%	100%
Kalí	33%	52%	77%	100%	100%

Nýting áburðarefna eftir sýrustigi jarðvegs

Á heimsmarkaði er mikil verðhækkun á tilbúnum áburði. Ekki liggur fyrir áburðarverð komandi vertíðar en ljóst að meiri ástæða er til að kalka en nokkurn tímann áður. Sjá nánar um kölkun og áburðarmál á: www.yara.is

Vörubrún & nýjungar

Lögð hefur verið áhersla á nýjungar og aukna sölu á fersku nautakjöti undanfarna mánuði. SS býður tvo valkosti í fersku hakki. Annars vegar hakk í loftskiptum umbúðum sem kynnt var í síðasta fréttabréfi.

Nú hefur verið sett á markað ný pakking af ungneytahakki í svokallaðri skinnpakkingu, sem er lofttæmd pakking. Skinnpakkingin hefur þann kost að geymsluþolið er nánast tvöfalt sem dregur úr matarsoun.

Varan er í fastri þyngd 350 gr sem hentar vel fyrir minni fjölskyldur.



Ungneytahakk, 350 gr, í skinnpakkingu



Starfsfólkið á bak við SS

Marlena Nogal er verkstjóri yfir framleiðslu á tilbúnum réttum í matvælavinnslu SS á Hvolsvelli.

Marlena hóf störf hjá SS árið 2006 í mötuneytinu en fór þaðan til starfa í pökkun á hrávörum uns hún kom til starfa í tilbúnum réttum þar sem hún hefur tekið við verkstjórn.

Helstu áhugamál eru ferðalög og að eyða tíma með fjölskyldu og vinum.



Marlena Nogal verkstjóri

Með kveðju,
Sláturfélag Suðurlands svf.

Steinþór Skúlason